

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 218/2024

2024/EES/92/37

frá 23. september 2024

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/323 frá 19. janúar 2024 um leiðréttingu á tékknesku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) 2022/720 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða ⁽¹⁾.
- 2) XIV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 2. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/720) í XIV. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32024 R 0323:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/323 frá 19. janúar 2024 (Stjtíð. ESB L, 2024/323, 22.1.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2024/323, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L, 2024/323, 22.1.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/323/oj>

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.